

Minnisblað
(24. febrúar 2004.)

Yfirlestur frumvarps til laga um einkaleyfi (EES-reglur, líftækni), 303. mál, þskj. 348.

Til formanns iðnaðarnefndar.
Frá nefndarritara.

I. Uppsetning skjalsins.
Engar athugasemdir.

II. Texti frumvarpsins.

Athugasemdir hafa komið fram um að í greinargerð sé tekið fram að evrópska einkaleyfasáttmálanum hafi verið breytt árið 2000 en hið rétta er að þá náðist samkomulag um breytingartillögur, en þær hafa ekki enn verið innleiddar í sáttmálanum, þar sem að ekki hafa nægilega mörg ríki fullgilt breytingarnar. Rétt er að geta þessa í nefndaráliti þar sem ekki er unnt að breyta greinargerð með frumvarpi sem hefur verið lagt fram.

III. Efnisatriði frumvarpsins.

Gerðar hafa verið athugasemdir við hugtakið tæknisvið í nýjum málslíð sem bætist við 1. mgr. 1. gr. laganna. Einkaleyfastofa taldi að frekari skýringa væri ekki þörf en í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að verið sé að taka af allan vafa og samræma lögin TRIPS-samningnum og evrópska einkaleyfasamningnum. Velta má fyrir sér hvort þessi viðbót sé til þess fallin að skýra greinina frekar en fram hefur komið hjá Einkaleyfastofunni að breytingin eigi að tryggja að líftækni falli undir með óyggjandi hætti. Rétt væri að taka fram í nefndaráliti að ekki sé ætlunin að þrengja skilyrðið frá því sem nú er, þ.e. að tæknisvið þýði öll svið sem uppfinningar eru gerðar á og nýta má í atvinnulífi. Þá hefur komið fram hjá Einkaleyfastofunni að norrænu löndin sem tóku þetta ekki strax upp í sín lög frekar en Ísland eru að taka þetta upp núna og er spurning hvort það hafi verið gert með einhverjum nánari skýringum eða ekki.

Varðandi hugtakanotkun hafa komið fram athugasemdir frá nokkrum aðilum og hefur Einkaleyfastofan tekið undir nokkrar, sbr. m.a. að í stað orðsins sérfræðingar í 5. gr. frv. komi óháðir sérfræðingar og í stað orðanna upplýsinga um erfðaefni í 1. og 3. gr. frv. komi erfðaupplýsingar og telja verður að gera þurfi breytingartillögur vegna þeirra allra.

Þá hefur Einkaleyfastofan bent á að þýðing tilskipunarinnar sé ekki alltaf nákvæm sem skýri ákveðinn mun á hugtakanotkun í frumvarpi annars vegar og í þýðingunni hins vegar. Telja verður að rétt sé að geta þess í nefndaráliti sem er lögskýringargagn ef að á milli ber í hverju ósamræmi liggur. Sem dæmi má nefna athugasemdir FUVÉ varðandi klónun og einræktun, en einræktun er notað í frv. og er þar átt við “reproductive cloning” í enska textanum.

Þá verður að gæta að í 6. gr. frv. þarf að bæta við orðum til þess að samræmi sé á þýðingu í norrænni einkaleyfalöggjöf. Tillaga FUVÉ er að bætt sé við orðunum; í

samanburði við uppfinninguna í einkaleyfinu. Spurning er hvort ekki þurfi að skýra þessa viðbót nánar í nefndaráliti m.a. með hliðsjón af því hvort hér sé átt við hagsmunamat milli einkaleyfishafa og yrkishafa.

Að lokum er nauðsynlegt að benda á að sérstakt ákvæði vantar í frumvarpið um innleiðingu á tilskipun 98/44/EB um lögvernd uppfinninga í líftækni. Slík ákvæði skal setja á undan gildistökuákvæðum skv. samræmdum reglum Stjórnarráðsins og venjum við setningu laga. Lagt er til að ákvæðið orðist svo:

Við frv. bætist ný grein, sem verður 9. gr.

Innleiðing á tilskipun.

Lög þessi eru sett til innleiðingar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/44/EB frá 6. júlí 1998 um lögvernd uppfinninga í líftækni, sbr. ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 20/2003, um breytingu á XVII. viðauka (Hugverkaréttindi) við EES-samninginn.